

## 4. Fundur í foreldraráði, foreldrafélags FSH      April 21, 2009

Mættar voru; Elín, Elfa, Árninna, Helga, Rikka og Fanney

- ✓ Matarmál aftur á spjallborði og Rikka sem er foreldri með reynslu á því að eiga börn sem hafa staðið í sjoppurekstri sér ekki að þau hafi tíma til að vera með flóknari matseðil heldur en er nú. Spurning kannski með bollasúpur og rúnstykki til tilbreytingar einn eða tvo daga í viku.
- ✓ Hugmynd rædd að skrifa skólanefnd bréf varðandi „busun“. Foreldrum og eflaust mörgum nemendum þykir alltof margir dagar fara í niðurlægingu og vitleysu í þessum efnum. Einn busunardagur ætti að vera nóg og þeir sem alls ekki leggja í þá athöfn ættu ekki að þurfa að þola hana.
- ✓ Gamli Baukur er eini aðilinn sem fékk „bréfið Góða“ sem hefur sýnt viðbrögð við því, og að því er virðist reynir að bæta það sem ekki var í lagi.
- ✓ Þar sem fáir voru á síðasta fundi þar sem skólameistari sat með okkur þá ræddum við aðeins þetta með viðveru kennara og mögulegar skýringar á fjarvistum þeirra.
- ✓ Kynningarbréf verður sent á alla foreldra.

Áætlað að taka einn lokafund í maí og leggja niður hvernig hauststartið fer fram. Dagsetning óákveðin.